
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2001-05
Fundartími: Föstudagur 16. nóvember 2001 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf raforkuhóps.
- 2) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
- 3) Störf jarðvarmahóps.
- 4) Störf eldsneytishóps.
- 5) Áætlun um vinnu ársins.
- 6) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Jóhann Már Maríusson
Haukur Ingibergsson
Katrín Ólafsdóttir
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun: Árni Ragnarsson

- 1) JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps og sagði að hópurinn hefði haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Endurreikningur raforkuspár liggur fyrir. Hópurinn leggur til að raforkuspáin verði endurskoðuð á næsta ári þar sem þá verða 5 ár frá því síðasta spá kom út. Einnig hefur hópurinn það í huga að þegar komið verður á nýju skipulagi raforkumála liggja ný raforkuspá fyrir svo ekki þurfi að byrja á því að endurskoða spána og menn hafi því tíma til að endurskipuleggja þetta starf og nýir aðilar fái tíma til að setja sig inn í starfið. Fundarmenn voru sammála þessu. Raforkuhópurinn hefur ákveðið að hætta að dreifa því efni á fundum sem fer inn á heimasíðu nefndarinnar og skoða það fremur með að varpa því upp á vegg með skjávarpa. Samþykkt var að hafa sama hátt á í Orkuspárnefnd.
- 2) JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 4,5% frá fyrra ári. Flutningstöp hafa aukist um 11,7% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 15,7%. Stórnotkun vex um 5,7% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 2,3%. Forgangorka vex um 2,1% og sala á ótryggðri orku jókst um 1,1%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en þriðji ársfjórðungur var heldur hlýrri en á síðasta ári eða 10,5°C í stað 10,3°C. Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000

vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 2,9% á fyrstu níu mánuðum ársins. JV sagði að aukningin á þriðja ársfjórðungi væri mun meiri en á fyrri helmingi ársins og kæmi þetta fram hjá öllum veitum sem kaupa af Landsvirkjun nema Norðurorku. Hann sagðist ekki hafa skýringu á þessu. Minni ferðlög erlendis gæti verið ein skýring en slík ætti ekki að hafa þetta mikil áhrif og einnig hefur tilkoma Smáralindar einhver áhrif. Einnig hefur notkun fiskimjölsverksmiðja verið meiri í sumar en í fyrra. HI benti á að mikið af húsnæði hefði verið í byggingu í sumar. Nokkuð var rætt um þetta en fundarmenn höfðu enga frekari skýringu á þessu. JV fjallaði um þróunina hjá einstökum veitum á fyrstu níu mánuðunum og er aukningin í forgangsorku eftirfarandi: Hitaveita Suðurnesja (1,6%), Rafveita Hafnarfjarðar (5,7%), Orkuveita Reykjavíkur (4,2%), Rafmagnsveitur ríkisins (-1,7%), Norðurorka (4,2%) og Orkubú Vestfjarða (-0,3%). Hann benti á að það vantaði vinnslu Rafmagnsveitna ríkisins í varastöðvum á þessu ári þannig að minnkunin væri í raun ekki þetta mikil.

- 3) ÁR fjallaði um störf jarðvarmahóps. Hann sagði að erfiðlega gengi að fá gögn frá hitaveitunum eins og hann fjallaði um á síðasta fundi. Með sameiningu veitna hjá Orkuveitu Reykjavíkur hefðu nýir aðilar tekið yfir þessa upplýsingagjöf þar og það tæki tíma að koma því í gott horf. Hann sagði að búið væri að ákveða hver ætti að sjá um þetta hjá þeim og hefði hann rætt við þá á Orkustofnun um þessi mál. ÁR sagði að ekki hefði gefist tækifæri til að taka saman gögn fyrir JV til að fara að útbúa jarðvarmaspá en vonaðist til að komast í það fljótlega. JMM benti á að farið væri að leggja snjóbræðslu í götur og ætti það örugglega eftir að aukast. JV nefndi að nokkuð væri um slíkt í nýja hverfinu í Grafarholti. HI bað um að fá lýsingu á þeim gögnum sem nefndin vildi fá frá Fasteignamatinu og hvenær við vildum fá þau til að hægt væri að koma því inn í vinnuferlið hjá þeim. JV var falið að taka þetta saman.
- 4) JV sagði að engin fundur hefði verið í eldsneytishópnum frá því nefndin kom síðast saman. Atburðir undanfarinna mánaða gera það að verkum að notkun eldsneytis í millilandasamgöngum mun væntanlega verða minna á þessu og næsta ári en eldsneytisspáin gerði ráð fyrir. Rætt hefur verið um hvort endurreikna ætti spána á hverju ári og segja má að atburðir síðustu mánaða kalli á slíkt. Fundarmenn voru sammála að næsta vor væri væntanlega hægt að gera sér betur grein fyrir langtímaáhrifum þessara atburða á eldsneytisnotkun.
- 5) JV dreifði áætlun um vinnu Orkuspárnefndar og sagði að raforkuhópurinn hefði fjallað um áætlun um þá vinnu. Gert er ráð fyrir að vinna fyrir raforkuhóp aukist um 200 tíma vegna endurskoðunar á raforkuspá (heildarvinna 1.200 tímar). Einnig er gert ráð fyrir aukinni vinnu í Orkuspárnefnd eða 50 tíma aukningu vegna endurskoðun á almennum forsendum vegna nýrrar raforkuspár (350 tímar). Miðað er við 100 tíma vinnu fyrir eldsneytishóp og fer helmingur í að safna gögnum um notkun síðasta árs og miðað er við 50 tíma í að athuga með endurreikning. Kostnaður vegna jarðvarmaspár hefur ekki verið áætlaður. ÁR ætlar að ræða um áætlunin við PH.

- 6) JMM sagðist mundu hætta í nefndinni um áramótin og Edvard G. Guðnason taka við. Fundarmenn þökkðu honum fyrir samstarfið.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 8. febrúar 2002 kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:30.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 15. nóvember 2001. Raforkuhópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Raforkunotkun 2001, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu níu mánuðir ársins. (JV)
- Áætlun um vinnu fyrir Orkuspárnefnd. (JV)